

LÚS, NJÁLGUR OG KLÁÐAMAUR Á MEÐGÖNGU

HÖFUÐLÚS (OG FLATLÚS)

Mæla má með Hedrin®, sem er ekki lyf. Það frásogast ekki, er silicon efni (dimeticon og cyclometicon) sem hjúpar lúsina og gerir út af við hana. Borið í þurrt hár, er ekki sjampó, og mikilvægt er að fara eftir leiðbeiningum. Við höfuðlús ætti að kempa hárið reglulega.

NJÁLGUR

Vanquin® (pyrvin), lausasölulyf, er í áhættuflokki A skv. FASS og ætti að vera fyrsta val á meðgöngu. Það frásogast ekki og berst ekki í brjóstamjólk.

Vermox® (mebendazol) er í flokki B:3 skv FASS og hefur ekki verið hreinsað af grun um fósturskemmandi verkun. Varla er þó ástæða til að hafa miklar áhyggjur þótt kona hafi tekið Vermox á meðgöngu. Óvíst er hvort það berst í brjóstamjólk og ætti því síður að nota það þá, enda ekki ætlað börnum yngri en tveggja ára.

KLÁÐAMAUR

Tenutex® (bensylbensoat og disulfiram) er eina virka lyfið á markaði gegn kláðamaur (scabies). Það er í áhættuflokki B:2 á meðgöngu og flokki IVa við brjóstagjöf skv FASS, þ.e. lítið vitað um áhrif þess á fóstur/barn. Því er sjálfsagt að forðast að nota það á fyrsta þriðjungi meðgöngu ef hægt er að fresta meðferð.